

## Útboð: “Rammasamningur – Þjónusta iðnaðarmanna – Raflagnir”

### Viðauki 2

Borist hafa eftirfarandi fyrirspurnir og teljast svör við þeim sem teljast viðauki við útboðsgögn. Það athugast að í *Viðauka I* er að finna fyrirspurnir og svör sem bárust og var svarað áður en ákveðið var að framlengja tilboðsfrest svo og fresti til að koma að fyrirspurnum og svör við þeim. *Viðauki I* telst einnig hluti útboðsgagna.

#### 1. Fyrirspurn

Sama dag og Garðabær var upplýstur og fékk senda kæru gagnvart útboðinu frestaði bærinn opnun útboðsins um 3 vikur. Var frestun Garðabæjar á opnun útboðsins viðbrögð við kæruefnum kærunnar?

#### Svar við fyrirspurn 1:

Tilboðsfrestur útboðsins var framlengdur í þeim tilgangi að tryggja þjóðendum fullnægjandi tíma til að taka afstöðu til tilboðsgerðar.

#### 2. Fyrirspurn

Í gögnum útboðsins, liður 1.1.1, segir að allt meiriháttar viðhald er undanþegið rammasamningnum og verður boðið út sérstaklega. Í útboðinu segir að fari einstök viðhaldsframkvæmd yfir 500 klst. í vinnu rafvirkja verði þau verk boðin út sérstaklega.

Í viðhaldsverkum er oftast ógerningur að vita hversu mikið umrætt verk er, nema verkið sé fullhannað og magntekið áður en verk er hafið, sem fá eða engin dæmi eru um hjá Garðabæ. Hins vegar er þekkt, að þrátt fyrir að lögð sé mikil vinna og kostnaður í hönnun viðhaldsverka eiga þau til að fara jafnvel margfalt yfir fyrstu kostnaðaráætlanir samanber Braggamálið og fleiri verk ss Sveinatungu. Þá er reynslan að oft eru hagkvæmustu og best unnu viðhaldsverkin þau verk sem iðnaðarmenn vinna og hanna jöfnum höndum með aðeins nauðsynlegustu aðkomu hönnuða. Þetta verklag krefst þó mikillar reynslu og þekkingar iðnaðarmanna.

Er hér stefnubreyting hjá Garðabæ að fullhanna og magntaka fyrirhuguð viðhaldsverk á verkfræðistofu?

Er Garðabær tilbúinn að auka með fullhönnun og magntöku, kostnað einstakra verka um allt að 50%-100%?

#### Svar við fyrirspurn 2:

Það er rétt athugað að meiriháttar viðhald er undanþegið rammasamningnum og verður boðið út sérstaklega. Er þar miðað við að einstök viðhaldsframkvæmd fari yfir 500 klst. í vinnu rafvirkja samkvæmt kostnaðaráætlun. Að öðru leyti hefur ekki verið tekin sérstök ákvörðun um það hvernig farið verður með hönnun og magntöku mögulegra framtíðar viðhaldsverkefna á vegum sveitarfélagsins sem eru yfir umræddu viðmiði og falla ekki undir útboðslýsingu þessa.